

**Ed.**

## **846. Breytingartillaga**

við frv. til 1. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 3. gr. 1 stað þriggja fyrstu málsgreinanna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

- Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti i:
- fiskiskipum og öðrum veiðiskipum;
  - fishverkunarstöðvum, þar með töldum sildarverkunarstöðvum, frystihúsum, beitugeymslum, niðursuðuverksmiðjum, niðurlagningarástöðvum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi og lifrarbræðslum;
  - verbúðum á viðleguhöfnum.

Forgangsrétt til lána samkvæmt b-lið hér að framan hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem þorri útvegsmanna á hverjum stað er þáttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögini arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Heimilt er að lána félögum þeim, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, til byggingar skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja og annarra fyrirtækja, sem þau reka eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944.